

2. gr.

5. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 87/1960) orðast svo:

Nú hefur eigandi veðsetts afla, eldisfisks eða afurða afhent öðrum hinar veðsettu vörur og öðlast veðhafinn þá veðrétt, sams konar og hann átti í aflanum, eldisfiskinum eða afurðunum, í kröfu fyrri eiganda á hendur þeim sem við hinum veðsettu afurðum tók um endurgjald af hans hálfu fyrir afla, eldisfisk eða afurðir sem af hendi voru látin. Sá sem við aflanum, eldisfiskinum eða afurðunum tók bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari hafi hann greitt hana veðsala áður en veðrétturinn í henni var niður fallinn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

**um breytingu á lögum um almannatryggingar,
nr. 67/1971, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Frá 1. júní 1986 hækkar þetta aldursmark í 17 ár og frá 1. janúar 1987 í 18 ár.

2. gr.

Í 1. mgr. 43. gr. laganna kemur nýr stafliður er orðast svo:

- k. Hjúkrun í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma og slysa samkvæmt samningum sem Tryggingastofnun ríkisins gerir og reglum er tryggingaráð setur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.